

3 Ráðherra Eysteinn Jónsson fer með bankamál, gjaldeyrismál, verzlunarmál (þar  
17. jan. undir útflutningsnefnd), sildarútvegsmál (þar undir sildarverksmiðjur ríkisins og  
sildarútvegsnefnd), póst- og simamál, strandferðir, vitamál, hafnarmál og trygg-  
ingarmál.

*Gjört í Reykjavík, 17. janúar 1942.*

**Sveinn Björnsson.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

4  
17. jan.

## RÍKISSTJÓRABRÉF

um breytingu á konungsbréfi 3. júlí 1921, um stofnun hinnar íslensku fálkaorðu.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Með lögum 16. júní 1941, um ríkisstjóra Íslands, var ríkisstjóra  
falið vald það, sem konungi er falið í stjórnarskránni.

Tel ég því eðlilegt, að ríkisstjóri Íslands fari, á meðan sú skipun stendur,  
og með störf þau og vald það, sem konungi er veitt í konungsbréfi 3. júlí 1921,  
um stofnun hinnar íslensku fálkaorðu.

Forsætisráðherra skipar mann í orðunefndina í stað konungsrítara, og er  
hann jafnframt orðuritari.

*Gjört í Reykjavík, 17. janúar 1942.*

**Sveinn Björnsson.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

5  
17. jan.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um frestun bæjarstjórnarkosninga í Reykjavík.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Ráðherra sá, sem fer með sveitarstjórnarmál, hefur tjáð mér það,  
sem hér fer á eftir:

Í Reykjavík er vinnustöðvun í prentsmiðjum, svo að einungis blöð eins  
stjórnmalaflokks geta komið út með venjulegum hætti. Nú er það eitt af  
grundvallaratriðum í stjórnarfari landsins, að eigi séu óeðlilegar hömlur á  
því, að menn geti látið í ljós skoðanir sínar og að almenningur eigi á þann  
veg þess kost að fylgjast með þeim atburðum, er gerast, og kynnast frjálsri  
túlkun þeirra. Þar sem komið hefur verið í veg fyrir, að svo geti orðið í Reykja-  
vík, leiðir þar af, að á meðan svo stendur, getur ekki talizt réttmætt að fram  
fari almennar kosningar í bænum. Telur ríkisstjórnin því, að fresta beri bæj-  
arstjórnarkosningum þeim, sem áttu fram að fara 25. janúar n. k., þar til hæfi-  
legum tíma eftir að lýkur því óeðlilega ástandi, sem nú ríkir.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög  
samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa  
út bráðabirgðalög á þessa leið: